

## **Skýrsla stjórnar Vorboða, kórs eldri borgara í Mosfellsbæ á aðalfundi FaMos 20.maí 2021**

Vorboðar er blandaður kór eldri borgara. Kórinn var stofnaður 16. desember 1989. Kórfélagar eru nú um 45 manns. Við venjulegar aðstæður eru æfingar kórsins einu sinni í viku og fara fram í safnaðarheimili Lágafellssóknar við Þverholt. Stjórnandi kórsins er Hrönn Helgadóttir.

Kórinn starfar sjálfstætt með styrk frá Mosfellsbæ og eftir að Félag aldraðra í Mosfellsbæ var stofnað hefur kórinn starfað með góðum stuðningi félagsins.

Á síðasta starfsári stóð til að halda upp á 30 ára starfsafmæli kórsins með tónleikum í Guðríðarkirkju. Það varð auðvitað ekkert af því og enn hefur staðan í Þjóðfélaginu ekki boðið upp á það. Reyndar hefur starfsemin nánast legið niðri, örfáar æfingar og þar af leiðandi hefur kórinn ekkert komið fram.

En á þessum fáu æfingum sem hægt hefur verið að halda hefur verið ótrúlega góð mæting og kórfélagar ákveðnir í að viðhalda hinu skemmtilega starfi kórsins.

Núna er kórinn nýkominn úr velheppnaðri ferð til Vestmannaeyja og í júní mun verða haldin sumarhátíð og í ágúst er ferð um Reykjanes á dagskránni. Síðan verður aðalfundur haldinn í september eins og hefð er fyrir.

Á síðasta aðalfundi fór Úlfhildur Geirsdóttir frá sem formaður, en sem betur fer veitir hún stjórninni enn ómetanlegan stuðning.

Vorboðar taka fagnandi móti nýjum félögum sem vilja taka þátt í metnaðarfullu og skemmtilegu kórastarfi.

Eftir aðalfund kórsins í september 2020 er stjórnin þannig skipuð:

Jóhanna B. Magnúsdóttir, formaður, sími 899-0378

Elísabet Kristjánsdóttir, varaformaður, sími 696-8367

Þrúður Helgadóttir, gjaldkeri, sími 694-9244

Kristbjörg Steingrímsdóttir, ritari, sími 898-3947

Guðný Þorgeirsdóttir, meðstjórnandi, sími 899-6127